

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/8**

2016/EES/44/37

frá 5. janúar 2016

**þar sem tilgreind eru tækniatriði viðhengisins fyrir árið 2017 um sjálfstæða atvinnustarfsemi**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 7. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í þeim tilgangi að fylgjast með hvernig miðar að ná sameiginlegu markmiðunum sem sett eru fram í áætluninni Evrópa 2020 ætti framkvæmdastjórnin að afla ítarlegra gagna frá aðildarríkjunum um sjálfstæða atvinnustarfsemi sem gera samanburð á milli aðildarríkjanna mögulegan.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 318/2013<sup>(2)</sup> er að finna viðhengi um sjálfstæða atvinnustarfsemi.
- 3) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1397/2014 <sup>(3)</sup> eru tilgreindar og gefnar lýsingar á sviðum sértækra upplýsinga (undireiningar viðhengja) sem eiga að vera í viðhenginu fyrir árið 2017 um sjálfstæða atvinnustarfsemi.
- 4) Framkvæmdastjórnin ætti að tilgreina tækniatriðin, síurnar, flokkunarkóðana og frestina fyrir sendingu gagna sem falla undir undireiningar viðhengja um sjálfstæða atvinnustarfsemi.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Tækniatriðin í viðhenginu fyrir árið 2017 um sjálfstæða atvinnustarfsemi, síurnar, flokkunarkóðana sem nota á og frestinn vegna sendinga á gögnum til framkvæmdastjórnarinnar eru sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2016 L 3, 6.1.2016, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stj. 1998 L 77, 14.3.1998, bls. 3.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 318/2013 frá 8. apríl 2013 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2016 til 2018 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stj. 2013 L 99, 9.4.2013, bls. 11).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1397/2014 frá 22. október 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 318/2013 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2016 til 2018 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stj. 2014 L 370, 30.12.2014, bls. 42).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. janúar 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Í þessum viðauka eru sett fram tækniatriði, siurnar og flokkunarkóðarnir sem nota á í viðhenginu um sjálfstæða atvinnustarfsemi, sem framkvæma á árið 2017. Í honum eru einnig settar fram dagsetningar að leggja fram gögn fyrir framkvæmdastjórnarinnar.

*Frestur vegna gagnasendingar á niðurstöðum til framkvæmdastjórnarinnar: 31. mars 2018.*

*Siur og flokkunarkóðar sem notaðir verða vegna sendinga gagna: eins og sett er fram í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008 (\*).*

*Dálkar fyrir valkvæða vægisstuðla sem nota á ef um hlutáurtak eða brottfall er að ræða: í dálkum 222–225 eru heilar tölur og í dálkum 226–227 eru aukastafir.*

## 1) Undireiningin „Sjálfstæð atvinnustarfsemi sem er efnahagslega háð öðrum“

Nafn/Dálkur	Flokkunarkóði	Lýsing	Sia
MAINCLNT		<b>Efnahagslegt hæði</b>	STAPRO = 1,2
211		<i>Fjöldi og mikilvægi viðskiptavina á síðustu 12 mánuðum</i>	
	1	Enginn viðskiptavinur á síðustu 12 mánuðum	
	2	Aðeins einn viðskiptavinur á síðustu 12 mánuðum	
	3	Á síðustu 12 mánuðum voru 2–9 viðskiptavinir en einn var markaðsráðandi	
	4	Á síðustu 12 mánuðum voru 2–9 viðskiptavinir og enginn var markaðsráðandi	
	5	Á síðustu 12 mánuðum voru fleiri en 9 viðskiptavinir en einn var markaðsráðandi	
	6	Á síðustu 12 mánuðum voru fleiri en 9 viðskiptavinir og enginn var markaðsráðandi	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	
WORKORG		<b>Skipulagslegt hæði</b>	STAPRO = 1,2 AND MAINCLNT ≠ 1
212		Áhrif á ákvarðanir varðandi vinnustundir	
	1	Svarandinn ákveður	
	2	Viðskiptavinur/viðskiptavinir svaranda ákveður/ákveða	
	3	Aðrir aðilar ákveða	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	

(\*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008 frá 25. apríl 2008 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnu- markaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar kerfisskráningu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2009, notkun hlutáurtaks við öflun gagna um formgerðarbreytur og skilgreiningu á viðmiðunarfrjóðungum (Stjtið. ESB L 114, 26.4.2008, bls. 57).

## 2) Undirreiningin „Vinnuskilyrði sjálfstætt starfandi fólks“

Nafn/Dálkur	Flokkunarkóði	Lýsing	Sía
REASSE		<b>Helstu ástæður fyrir því að verða sjálfstætt starfandi</b>	STAPRO = 1,2
213		<i>Helstu ástæður fyrir því að verða sjálfstætt starfandi, þegar svarandi hóf níverandi starf sem sjálfstætt starfandi</i>	
	1	Gat ekki fundið starf sem launamaður	
	2	Fyrri vinnuveitandi svaraða óskaði eftir því að svarandi yrði sjálfstætt starfandi	
	3	Það er hefðbundin venja á sviði svaraða	
	4	Hentugt tækifæri kom upp	
	5	Hélt áfram með fjölskyldufyrirtæki	
	6	Vildi ekki eða gerði ekki ráð fyrir að verða sjálfstætt starfandi en hóf störf sem sjálfstætt starfandi af öðrum ástæðum en komu fram hér að ofan	
	7	Vildi verða sjálfstætt starfandi vegna sveigjanlegra vinnustunda	
	8	Vildi verða sjálfstætt starfandi af öðrum ástæðum	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	
SEDIFFIC		<b>Helstu vandkvæði við að vera sjálfstætt starfandi</b>	STAPRO = 1,2
214		<i>Sjálfsmat á helstu vandkvæðum við að vinna sem sjálfstætt starfandi á síðastliðnum 12 mánuðum</i>	
	0	Litlir möguleikar á að hafa áhrif á að verðsetja eigin vinnu	
	1	Skortur á aðgangi að fjármögnun fyrir fyrirtækið	
	2	Greiðslur töfðust eða fengust ekki greiddar	
	3	Of mikið rekstrarlegt álag	
	4	Skortur á tekjum við veikindi	
	5	Tímabil fjárhagserfiðleika	
	6	Tímabil þar sem engir viðskiptavinir voru, störf eða verkefni til að vinna að	
	7	Önnur vandkvæði	
	8	Engin vandkvæði	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	
REASNOEM		<b>Helstu ástæður fyrir því að hafa ekki aðra starfsmenn</b>	STAPRO = 2
215		<i>Sjálfsmat á helstu ástæðum fyrir því að hafa ekki aðra starfsmenn</i>	
	0	Svarandi vill fyrst og fremst sjá sjálfum sér fyrir atvinnu	
	1	Næg atvinna er ekki fyrirleggjandi	

Nafn/Dálgur	Flokkunarkóði	Lýsing	Sía		
BPARTNER 216	2	Erfitt að finna starfsfólk sem hentar	STAPRO = 1,2		
	3	Lagarammi er of flókinn			
	4	Há framlög til félagslegra kerfa			
	5	Ekki hægt í starfsgrein svaranda			
	6	Svarandi kys fremur að starfa með undirverktökum eða samstarfsmönnum			
	7	Viðskiptavinur/-vinir svarandans óska(r) eftir því að svarandinn starfi við verkefnið			
	8	Aðrar ástæður			
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)			
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki			
				<b>Starfað með viðskiptafélögum</b>	
		<i>Starfað með meðeiganda og/eða í tengslaneti annarra sem eru sjálfstætt starfandi</i>			
PLANEMPL 217	1	Starfar með meðeiganda	STAPRO = 1,2		
	2	Starfar með öðrum sem eru sjálfstætt starfandi í tengslaneti			
	3	Hvort tveggja			
	4	Hvorugt			
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)			
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki			
				<b>Áætlað er að ráða starfsmenn eða undirvertaka</b>	
				<i>Áætlað er að ráða starfsmenn eða undirvertaka á næstu 12 mánuðum</i>	
	1	Áætlað er að ráða einungis fasta starfsmenn			
	2	Áætlað er að ráða einungis tímabundna starfsmenn			
3	Áætlað er að ráða bæði tímabundna og fasta starfsmenn				
4	Áætlað er að ráða einungis undirvertaka				
5	Áætlað er að ráða undirvertaka og semja við starfsmenn				
6	Áætlað er ekki að ráða starfsmenn eða undirvertaka				
9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)				
Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki				

## 3) Undireiningin „Sjálfstætt starfandi og launamenn“

Nafn/Dálgur	Flokkunarkóði	Lýsing	Sía
JBSATISF 218		<b>Starfsánægja</b> <i>Stig starfsánægju í aðalstarfi</i>	WSTATOR = 1,2
	1	Stig starfsánægju frekar hátt	
	2	Stig miðlungs starfsánægju	

Nafn/Dálgur	Flokkunarkóði	Lýsing	Sia
AUTONOMY 219	3	Stig starfsánægju frekar lágt	WSTATOR = 1,2
	4	Engin starfsánægja	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	
	<b>Sjálfstæði í starfi</b>		
	<i>Stig áhrifa á innihald og skipulag verkefna í aðalstarfi</i>		
	1	Getur haft áhrif á bæði innihald og skipulag verkefna	
	2	Getur haft áhrif á innihald verkefna en ekki skipulag	
	3	Getur haft áhrif á skipulag verkefna en ekki innihald	
	4	Getur hvorki haft áhrif á innihald verkefna né skipulag	
PREFSTAP 220	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	WSTATOR = 1,2
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	
	<b>Ákjósanlegasta atvinnustéttin í aðalstarfi</b>		
	<i>Helst kosið að starfa sem launamaður ef svarandi er nú sjálfstætt starfandi eða helst kosið að starfa sem sjálfstætt starfandi ef svarandi er nú starfandi sem launamaður</i>		
	1	Vill ekki breyta atvinnustöðu	
	2	Er sjálfstætt starfandi en vill starfa sem launamaður	
	3	Vinnur sem launamaður eða einstaklingur hjá fyrirtæki eigin fjölskyldu en vill starfa sem sjálfstætt starfandi	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar/Veit ekki	
	OBSTACSE 221	<b>Helsta ástæða fyrir því að vera ekki sjálfstætt starfandi að aðalstarfi</b>	
<i>Helsta ástæða fyrir því hvers vegna núverandi launamenn eða einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu og vilja vera sjálfstætt starfandi hafa ekki breytt um þá atvinnustöðu sem þeir helst kjósa</i>			
1		Fjárhagslegt óöryggi	
2		Vandkvæði við að fjármagna fyrirtækið	
3		Of mikil spenna, ábyrgð eða áhætta	
4		Minni félagsleg vernd	
5		Aðrar ástæður	
9		Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
Óútfyllt		Ekkert svar/Veit ekki	